

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2023, fimmtudaginn 14. desember var haldinn 291. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:05. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Lárus Finnbogason, Sunna Jóhannsdóttir og Einar S Hálfðánarson. Fundarritari var Hallur Símonarson

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á ráðgjafarúttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á Orkuveitu Reykjavíkur – Stjórnarhættir og miðlun upplýsinga. IER23010041

Ingunn Ólafsdóttir fagstjóri innri endurskoðunar og Bryndís Gunnlaugsdóttir ráðgjafi hjá KPMG taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir kynningu á niðurstöðum Innri endurskoðunar og ráðgjafar og mun hafa efni úttektarinnar til frekari umfjöllunar.

**Fundi slitið kl. 11:50**

Lárus Finnbogason

Einar S Hálfðánarson

Sunna Jóhannsdóttir